



FUNDARGERÐ

Yfirskrift / efni: 9. fundur stjórnar KLÍ, 2011-2012

Staðsetning: Skrifstofu KLÍ

Hvenær: Miðvikudagur 12.10.2011 kl. 17:30

Þátttakendur: Þórir Ingvarsson (ÞI) formaður
Ingi Geir Sveinsson (IGS) varamaður
Guðmundur Sigurðsson (GS) ritari
Höskuldur Höskuldsson (HH) varamaður
Ólafur Páll Vignisson (ÓPV) gjaldkeri

Boðuð forföll:

Fjarverandi:

Fundarritari: ÞI

Helstu mál: Fundargerð s.f., stjórn skiptir með sér verkum, Norðurlandamót og önnur mál.

Dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðasta fundar:

Samþykkt.

2. Stjórn skiptir með sér verkum:

Töluverð umræða var um brotthvarf þriggja stjórnarmann, ÞMP, LHM og GJK, sem sögðu af sér s.l. helgi og veltu stjórnarmenn fyrir sér ástæðu(m) þess. Stjórnarmenn voru sammála að eftirsjá væri í stjórnarmönnum og slæmt að stæsta félagið ætti engan í stjórn KLÍ. Stjórn skipti að lokum með sér verkum og verður HH varaformaður og IGS fundarritari.

3. Norðurlandamót:

ÞI var með uppkast af gátlista fyrir Norðurlandamótið og var farið yfir hann. Nokkrum atriðum var bætt á listann og önnur stílfærð. Rætt um mikilvægi þess hversu vel Öskjuhlíðin kæmi að mótinu. ÞI minnti á fundinn með landsliðs- og mótanefnd daginn eftir til að fá fleiri fleti á málinu.

4. Önnur mál:

Eina atriðið undir önnur mál var ETBF kennslan í desember. TÓ er að leita svara, hvenær í síðasta lagi er hægt að staðfesta við Juha Maja. Tímasetningin er ekki eins og best verður á kosið, svona rétt fyrir jól, en við munum halda kennsluna ef við náum lágmarks fjölda. TÓ mun leita svara frá félögunum um þátttöku og munu þau væntanlega greiða staðfestingargjald til að tryggja lágmarksþátttöku.

Fundi slitið 19:20 – næsti áætlaði fundur 26. október kl. 17:30